



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli
nr. 6/2014
um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

8. janúar 2015

Efnisyfirlit

| | |
|---|----------|
| 1. Gildissvið | 4 |
| 2. Skilgreiningar | 4 |
| 3. Almenn um útvistun | 4 |
| 4. Ábyrgð á útvistun | 5 |
| 5. Takmarkanir á útvistun verkefna stjórnar | 5 |
| 6. Útvistun mikilvægra verkefna | 5 |
| 7. Hæfi útvistunaraðila við útvistun mikilvægra verkefna | 6 |
| 8. Útvistunarstefna | 6 |
| 9. Samningur um útvistun | 7 |
| 10. Keðjuútvistun | 8 |

Inngangur

Leiðbeinandi tilmælum þessum er ætlað að varpa ljósi á þau atriði og umgjörð sem eftirlitsskyldir aðilar skv. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ættu að gæta að við útvistun verkefna sinna.

Við gerð tilmælanna var höfð hliðsjón af leiðbeiningum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar (e. Committee of European Banking Supervisors, „CEBS“, nú EBA) frá 14. desember 2006 og undirbúningstilmælum evrópska váttryggingaeftirlitsins (e. European Insurance and Occupational Pensions Authority, „EIOPA“) vegna innleiðingar Solvency II tilskipunarinnar.

Ákvæði um útvistun einstakra verkefna hjá eftirlitsskyldum aðilum er að finna víðsvegar í tilmælum Fjármálaeftirlitsins en takmarkaða umfjöllun þar að lútandi er að finna í löggjöf á fjármálamarkaði. Með tilmælum þessum er leitast við að tilgreina helstu meginreglur sem Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að eftirlitsskyldir aðilar fari eftir við gerð útvistunarsamninga og tilhögun útvistunar að öðru leyti.

Hafa ber í huga að mörg þeirra leiðbeinandi tilmæla sem Fjármálaeftirlitið hefur sett um tiltekna þætti starfsemi eftirlitsskyldra aðila hafa nú þegar ákvæði um útvistun. Þrátt fyrir að kveðið sé á um helstu meginreglur vegna útvistunar í tilmælum þessum telur Fjármálaeftirlitið rétt að ákvæði tilmæla sem fjalla sérstaklega um útvistun ákveðinna þátta starfseminnar haldi gildi sínu en ákvæði tilmæla þessara taki við þar sem þeim sleppir.

1. Gildissvið

- 1.1. Leiðbeinandi tilmæli þessi gilda um útvistun af hálfu allra eftirlitsskylda aðila skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- 1.2. Ákvæði leiðbeinandi tilmæla þessara koma til fyllingar öðrum leiðbeinandi tilmælum sem fjalla sérstaklega um útvistun tiltekinna þátta starfsemi eftirlitsskyldra aðila, t.d. reksturs upplýsingakerfa.

2. Skilgreiningar

Í tilmælum þessum merkir:

- 2.1. *Útvistun*: Samningur milli eftirlitsskylds aðila og þriðja aðila (útvistunaraðila) um að útvistunaraðili taki að sér verkefni eða þjónustu sem almennt falla innan verksviðs hins eftirlitsskylda aðila.
- 2.2. *Útvistunaraðili*: Sá sem veitir þjónustu, aðstöðu eða sinnir verkefnum fyrir hönd eftirlitsskylds aðila.
- 2.3. *Mikilvæg verkefni*: (e. material activities/ key functions)
 - i Lykilstarfsvið fyrirtækis, þ.e. áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla og starfsemi tryggingastærðfræðings þegar um váttryggingafélag er að ræða.
 - ii Önnur verkefni sem eru þess eðlis að veikleikar eða mistök við rækslu þeirra gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir möguleika hins eftirlitsskylda aðila til þess að uppfylla skyldur sínar skv. lögum, reglugerðum, reglum eða öðrum viðmiðum sem um starfsemina gilda og/eða hafa áhrif á möguleika hins eftirlitsskylda aðila til að halda áfram starfsemi.
 - iii Önnur starfsemi sem krefst starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins.
 - iv Verkefni sem hafa veruleg áhrif á áhættustýringu eftirlitsskyldra aðila.
- 2.4. *Keðjuútvistun*: Þegar útvistunaraðili útvistar verkefnum áfram, í heild eða að hluta, til þriðja aðila.

3. Almennt um útvistun

- 3.1. Útvistun skal hagað þannig að hún samræmist þeim lögum, reglugerðum, reglum og öðrum viðmiðum sem um starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila gilda, þ. á m. ákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á viðkomandi markaði, með traust, trúverðugleika og öryggi að leiðarljósi.
- 3.2. Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gæta þess að innan þeirra sé ávallt næg yfirsýn og kunnátta til þess að unnt sé að hafa eftirlit með útvistuninni og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna eða útvista þeim til annars aðila ef nauðsyn krefur.
- 3.3. Eftirlitsskyldir aðilar skulu gæta þess að aðgangur Fjármálaeftirlitsins að gögnum og upplýsingum eftirlitsskylds aðila í vörslum útvistunaraðila sé sá sami og ef þau gögn og upplýsingar væru í vörslu hans sjálfs.
- 3.4. Áður en ákvörðun um útvistun er tekin mælist Fjármálaeftirlitið til þess að eftirlitsskyldir aðilar tryggi eftirfarandi:
 - i Að útvistunin komi ekki í veg fyrir góða stjórnarhætti eftirlitsskylda aðilans skv. viðurkenndum leiðbeiningum og tilmælum um stjórnarhætti,
 - ii að útvistunin skaði ekki orðspor eftirlitsskylda aðilans,
 - iii að útvistunin feli ekki í sér óþarfa áhættu fyrir rekstur hins eftirlitsskylda aðila,

- iv að möguleikar eftirlitsskylda aðilans til þess að fylgjast með og stýra útvistuðum verkefnum eða þjónustu séu hvorki skertir né torvelldaðir,
- v að möguleikar til innra eftirlits, þ. á m. með tilliti til hlutverks stjórnar og endurskoðunarnefndar, séu hvorki skertir né torvelldaðir,
- vi að möguleikar Fjármálaeftirlitsins til eftirlitsstarfa séu hvorki skertir né torvelldaðir, og
- vii að samfelld og fullnægjandi þjónusta við viðskiptavinum sé ekki skert.

4. Ábyrgð á útvistun

- 4.1. Endanleg ábyrgð á framkvæmd allra útvistaðra verkefna og þeirri áhættu sem þeim kann að fylgja hvílir ávallt á hinum eftirlitsskylda aðila. Slíkri ábyrgð verður ekki útvistað.

5. Takmarkanir á útvistun verkefna stjórnar

- 5.1. Verkefnum sem lúta að grundvallar stjórnunarpáttum í rekstri eftirlitsskylds aðila má að mati Fjármálaeftirlitsins ekki útvista til þriðja aðila.
- 5.2. Með grundvallar stjórnunarpáttum í rekstri eftirlitsskylds aðila er m.a. átt við mörkun áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuþolmarka. Með hliðsjón af framangreindu er að mati Fjármálaeftirlitsins ekki hægt að útvista stjórnunarverkefnum, s.s. stefnumörkun og reglusetningu eftirlitsskylda aðilans m.t.t. áhættusniðs og áhættustýringar, eftirlitshlutverki stjórnar og endanlegri ábyrgð gagnvart viðskiptavinum og eftirlitsaðilum.
- 5.3. Eftirlitsskyldum aðilum er ekki heimilt að útvista starfsemi sem háð er starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu nema útvistunaraðili hafi sambærilega heimild og hinn eftirlitsskyldi aðili til að veita þjónustuna eða sinna viðkomandi verkefni.
- 5.4. Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að útvistunin leiði ekki til þess að gæði verkefna eða þjónustu verði lakari en ef ekki hefði komið til útvistunar.

6. Útvistun mikilvægra verkefna

- 6.1. Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gæta sérstakrar varkárni við útvistun mikilvægra verkefna. Þá ættu eftirlitsskyldir aðilar að gæta þess að ákvarðanir um útvistun mikilvægra verkefna séu byggðar á viðskiptalegum forsendum, en ekki á stjórnunartengslum eða öðrum hagsmunatengslum.
 - 6.2. Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi fer Fjármálaeftirlitið fram á að vera upplýst tímanlega um útvistun mikilvægra verkefna og breytingar sem verða á þeirri útvistun.
 - 6.3. Mikilvægt er að í útvistunarsamningi við útvistunaraðila tilnefni eftirlitsskyldur aðili ábyrgðaraðila innan síns fyrirtækis sem ber ábyrgð á eftirliti með því verkefni sem útvistað er og að útvistunaraðili uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsskylda aðilans vegna verkefnisins. Jafnframt að í útvistunarsamningi sé tilnefndur ábyrgðaraðili hjá útvistunaraðila sem hefur næga þekkingu og reynslu til þess að sinna verkefninu.
- i Við tilgreiningu ábyrgðaraðila, bæði hjá hinum eftirlitsskylda aðila og útvistunaraðila, telur Fjármálaeftirlitið nægjanlegt að tilgreindur sé

starfstíll eða staða starfsmanns innan viðkomandi fyrirtækis, þ.e. að ekki sé um nafngreindan einstakling að ræða.

- 6.4. Fjármálaeftirlitið getur tekið til athugunar hvort útvistun mikilvægra verkefna samræmist ákvæðum þeirra laga sem gilda um starfsemi hins eftirlitsskylda aðila, þ. á m. 1. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem kveður á um að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Við slíka skoðun myndi Fjármálaeftirlitið m.a. líta til eftirfarandi þátta:

- i tegundar og umfangs starfsemi hins eftirlitsskylda aðila,
- ii eðlis þeirra verkefna eða þjónustu sem er útvistað,
- iii sérstakra aðstæðna sem lúta að útvistunaraðila og stöðu hans á markaði,
- iv tímalengd útvistunarsamnings,
- v mögulegra hagsmunaárekstra sem kunna að myndast vegna útvistunarinnar,
- vi möguleika útvistunaraðila til að hafa áhrif á ákvarðanir hins eftirlitsskylda aðila, og,
- vii landfræðilegrar staðsetningar útvistunaraðila.

7. Hæfi útvistunaraðila við útvistun mikilvægra verkefna

- 7.1. Fjármálaeftirlitið mælist til að eftirlitsskyldir aðilar gæti þess að útvistunaraðili sem tekur að sér mikilvæg verkefni og þeir starfsmenn útvistunaraðila sem verkefnum sinna starfi af heilindum (e. integrity), hafi næga sérþekkingu (e. professional qualifications), menntun (e. knowledge) og reynslu til þess að geta sinnt verkefnunum á fullnægjandi hátt.

8. Útvistunarstefna

- 8.1. Stjórn eftirlitsskyldra aðila sem hyggjast útvista einhverjum þáttum starfsemi sinnar ætti að setja stefnu sem fjallar um helstu þætti útvistunar, þar með talið útvistun á verkefnum sem ekki teljast mikilvæg, hvort sem útvistað er til aðila innan sömu samstæðu eða ekki.
- 8.2. Stjórn eftirlitsskylds aðila sem hyggst útvista einhverjum þáttum starfsemi sinnar ætti að setja almenna stefnu um útvistun, þ. á m. hvort útvistun eigi sér stað innan eða utan samstæðu ef það á við. Útvistunarstefnu þarf að endurskoða reglulega.
- 8.3. Útvistunarstefna ætti m.a. að fela í sér eftirfarandi almenn atriði:
- i Afstöðu til þess hvaða áhrif útvistun hefur á starfsemi fyrirtækisins og þær áhættur sem snúa að því, s.s. rekstraráhættu, orðsporsáhættu og samþjöppunaráhættu.
 - ii hvernig eftirliti með útvistuðum verkefnum skuli háttað,
 - iii Afstöðu til aðgerða sem gripið skal til ef óvissa skapast um starfsemi útvistunaraðila sem getur haft neikvæð áhrif á getu útvistunaraðila til að sinna hinu útvistaða verkefni,
 - iv afstöðu til þess hvernig og undir hvaða kringumstæðum samningi um útvistun verði sagt upp og

- v afstöðu til þess hvernig ákvörðun um útvistun verður tekin

8.4. Útvistarstefna ætti að fela í sér eftirfarandi atriði varðandi útvistaradila:

- i Afstöðu til þess hvaða kröfur eftirlitsskyldur aðili gerir til útvistaradila,
- ii afstöðu til þess hver leggur mat á útvistaradila, sbr. i lið,
- iii hvernig útvistaradili kemur upplýsingum um útvistuð verkefni á framfæri við fyrirtækið.
- iv afstöðu til þess hvernig fylgst verði með mögulegum breytingum á skipulagi og eignarhaldi útvistaradila og hvaða fulltrúi hins eftirlitsskylda aðila fylgist með því, og
- v áætlun um viðbrögð við vanefndum af hálfu útvistaradila.

9. Samningur um útvistun

9.1. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að samningar um útvistun séu skriflegir. Í samningnum ættu eftirfarandi atriði m.a. að koma fram:

- i Ítarleg lýsing á hinu útvistaða verkefni,
- ii ítarleg umfjöllun um þær kröfur sem útvistaradili þarf að mæta til að verkefninu sé talið sinnt á fullnægjandi hátt. Eftirlitsskyldur aðili ætti að setja framangreindar kröfur fram bæði á megindlegan og eigindlegan hátt (e. qualitative og quantitative), þannig að unnt sé að hafa virkt eftirlit með hinu útvistaða verkefni,
- iii umfjöllun um hlutverk og ábyrgð eftirlitsskylda aðilans annars vegar og útvistaradila hins vegar. Þar á meðal umfjöllun um aðgang eftirlitsskylda aðilans að gögnum félagsins hjá útvistaradila og að hinn eftirlitsskyldi aðili teljist eigandi þeirra gagna og afurða sem varða útvistararsamninginn.
- iv aðgangur Fjármálaeftirlitsins að gögnum og upplýsingum eftirlitsskylda aðilans í vörslum útvistaradila ásamt aðgangi að starfsstöð og starfsmönnum útvistaradilans í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir eftirlitsskylda aðilann.
- v umfjöllun um aðgang regluvarðar, ytri og innri endurskoðanda eftirlitsskylda aðilans að öllum gögnum er varða útvistaða verkefnið ásamt aðgangi að starfsstöð og starfsmönnum útvistaradilans í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir eftirlitsskylda aðilann,
- vi umfjöllun þess efnis að útvistaradila sé gert að tilkynna eftirlitsskylda aðilanum, eða Fjármálaeftirlitinu, um allar verulegar breytingar í rekstri sínum, sem geta haft áhrif á getu hans til að sinna útvistaða verkefninu,
- vii ákvæði um uppsögn útvistarar samkvæmt fyrirfram ákveðnum uppsagnarfresti sem og ákvæði um fyrirvaralausar uppsögn á samningi komi upp sérstakar aðstæður sem leiða til þess að Fjármálaeftirlitið fari fram á slíkt,
- viii ákvæði um úrlausn ágreinings milli samningsaðila, og
- ix ákvæði um trúnaðar- og þagnarskyldu útvistaradila um þau verkefni sem honum eru falin, sbr. þagnarskylduákvæði í viðeigandi sérlögum,

- 9.2. Fjármálaeftirlitið mælist auk þess til þess að í samningi um útvistun komi eftirfarandi skýrt fram um keðjuútvistun:
- i hvort keðjuútvistun sé útvistunaraðila heimil og
 - ii að eftirlitsskyldur aðili fái greinargóðar upplýsingar um hvaða aðili taki að sér verkefni með keðjuútvistun.

10. Keðjuútvistun

- 10.1. Eftirlitsskyldur aðili ætti aðeins að samþykkja keðjuútvistun ef keðjuútvistunaraðili samþykkir að gangast undir skilyrði samnings við útvistunaraðila skv. lið 9.
- 10.2. Eftirlitsskyldur aðili ætti aðeins að samþykkja keðjuútvistun ef keðjuútvistunaraðili er jafn hæfur eða hæfari til verksins en útvistunaraðili.
- 10.3. Áður en eftirlitsskyldur aðili samþykkir keðjuútvistun ætti hann að meta sjálfstætt þær áhættur sem í keðjuútvistun felast, þ. á m. hvort keðjuútvistunin dragi úr möguleikum útvistunaraðila til þess að efna útvistunarsamning að fullu.

Fjármálaeftirlitinu, 3. desember 2014

Jón Þór Sturluson

Rúnar Guðmundsson